



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

HAYDN, MOZART OG GRIEG

18. JANÚAR 2013





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir af Rás 1 og verða sendir út 27. janúar og eru aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is

Söngtextar eru á bls. 10.

Áætluð tímalengd verka:

Grieg: 21'00"

Mozart: 27'00"

Haydn: 23'00"

BAKHJARLAR:



GAMMA

HAYDN, MOZART OG GRIEG

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 18. JANÚAR 2013 » 19:30

Eivind Aadland hljómsveitarstjóri
Sally Matthews einsöngvari

Edvard Grieg

Holberg svíta, op. 40 – Svíta í gömlum stíl (1884)

I. Praeludium

II. Sarabande

III. Gavotte

IV. Air

V. Rigaudon

W.A. Mozart

*„Dove sono i bei momenti“ aría greifynjunnar
úr Brúðkaupi Fígarós, K. 492*

W.A. Mozart

„Voi avete un cor fedele“ konsertaría, K. 217

Hlé

W.A. Mozart

*„Lungi da te, mio bene“ aría Sifare úr Mitridate,
re di Ponto, K. 87*

W.A. Mozart

„Ah se in ciel, benigne stelle“ konsertaría, K. 538

Joseph Haydn

Sinfónía nr. 104 í D-dúr, Hob.I:104

„Lundúnasinfónían“ (1795)

I. Adagio - Allegro

II. Andante

III. Menuetto - Trio

IV. Allegro spiritoso

EIVIND AADLAND

hljómsveitarstjóri



Hljómsveitarstjórinn Eivind Aadland (f. 1956) er einn af virtustu hljómsveitarstjórum Noregs. Hann var aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Þrándheims á árunum 2004 til 2010. Aadland hefur stjórnað öllum helstu sinfóníuhljómsveitum Norðurlandanna og kemur reglulega fram sem gestastjórnandi með filharmóníuhljómsveitum Bergen og Osló, sinfóníuhljómsveitum Stafangurs og Gautaborgar og Sænsku kammersveitinni.

Utan Norðurlandanna hefur Aadland unnið mikið með sinfóníuhljómsveitum í Ástralíu, Austurlöndum fjær, Belgíu, Hollandi, Finnlandi, Skotlandi og Þýskalandi. Hann hefur einnig fengist við óperustjórn og hlutu *Töfraflautan*, *Brúðkaup Fígarós* og *Don Giovanni* afbragðs viðtökur er hann stýrði uppfærslum verkanna í Norsku óperunni.

Eivind Aadland hóf feril sinn sem fiðluleikari og lærði hann á fiðlu hjá hinum heimsþekktu fiðluleikara Yehudi Menuhin. Aadland gegndi um árabíl stöðu konsertmeistara Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Bergen en ákvað að venda kvæði sínu í kross og hóf nám í hljómsveitarstjórn hjá Jorma Panula við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki.

Aadland myndar sterk tengsl við hljóðfæraleikarana sem hann vinnur með og á það eflaust rætur að rekja til reynslu hans sem konsertmeistara Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Bergen um árabíl og stjórnanda Kammersveitar Evrópusambandsins. Þetta er í fimmta sinn sem Aadland stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum. Aadland hefur hljóðritað sem hljómsveitarstjóri og sem fiðluleikari fyrir Hyperion, EMI, BIS og Simax.

SALLY MATTHEWS


einsöngvari



Sópransöngkonan Sally Matthews er ein eftirsóttasta söngkona sinnar kynslóðar í Evrópu. Hún lærði við óperudeild Guildhall tónlistarskólans í London og útskrifaðist árið 2000. Matthews var farin að vekja athygli fyrir rödd sína og hæfileika á meðan hún var enn í námi og fyrstu verðlaun í Kathleen Battle-söngvarakeppninni árið 1999 urðu til þess að mörg tækifæri buðust. Matthews þreytti frumraun sína á sviði Konunglegu óperunnar í Covent Garden árið 2001 í hlutverki Nannettu í óperunni *Falstaff* eftir Verdi undir stjórn Bernhards Haitink og hefur hún komið reglulega fram þar síðan. Á meðal óperuhúsa sem Matthews syngur reglulega við má nefna Glyndebourne óperuna, Bæversku óperuna í München, Vínaróperuna, Áströlsku óperuna í Sydney og Hollensku óperuna í Amsterdam en Matthews söng þar nú nýverið Sophie í *Rósariddaranum* undir stjórn Sir Simons Rattle.

Matthews kemur reglulega fram á tónleikasviði og meðal þeirra hljómsveita og hljómsveitarstjóra sem hún vinnur reglulega með má nefna Sir Simon Rattle og Fílharmóníusveit Berlínar, Bernard Haitink og Kammersveit Evrópu, Daniel Harding og Mahler kammersveitina, Sir Colin Davis og Valery Gergiev og Sinfóníuhljómsveit Lundúna, Antony Pappano og hljómsveit Santa Cecilia í Róm, Lorin Maazel og Fílharmóníusveit Lundúna, Michael Tilson-Thomas og Sinfóníuhljómsveit San Francisco.

Matthews hefur hljóðritað fyrir EMI, Harmonia Mundi, LSO Live, OpusArte, LPO og MediciArts.



EDVARD GRIEG

Holberg svíta, op. 40 – Svíta í gömlum stíl

Árið 1884 var norska tónskáldið Edvard Grieg (1843-1907) í hópi nokkurra tónskálda sem falið var að semja tónverk í tilefni þess að 200 ár voru liðin frá fæðingu norska leikritaskáldsins Ludvigs Holberg sem hefur stundum verið nefndur „Molière norðurs-ins“. Þrátt fyrir að á þessum tíma hafi verið mikil undiralda í tónlistarsköpun á meginlandi Evrópu, þar sem tónskáld teygðu æ meir þanmörk hins hefðbundna tóntegundakerfis, ákvað Grieg að fara aðra leið við að semja tónverk af ofan nefndu tilefni. Hann ákvað að gera tónverk í gömlum stíl og vísa þar í að Holberg var samtímamaður tónjöfra á borð við Bach, Händel og Scarlatti. Úr varð hljómborðssvíta í fimm köflum og er uppbygging verksins dæmigerð fyrir hljómborðssvítur barokktímans. Verkið hefst á tindilfættu og fjörugu *Praeludium* en á eftir kemur röð franskra dansa. Hugljúf og falleg *Sarabande*, heiðskýr og flæðandi *Gavotte*. Í fjórða kaflanum *Air*, gætir áhrifa Bachs og verkinu líkur með líflegu *Rigaudon*. Þrátt fyrir skýra vísan í eldri stíla og tónskáld er handbragð og stíll Griegs aldrei langt undan.

Holberg svítan var frumflutt í desember árið 1884 í Bergen, fæðingarbae Holbergs, og voru viðtökurnar prýðisgóðar jafnt hjá áheyrendum og gagnrýnendum. Meira að segja hinn áhrifamikli tónlistarrýnir Eduard Hanslick var ánægður með verkið en Hanslick hafði ekki mikið álit á mörgu því sem samtímamenn hans sömdu að Brahms undanskildum. Um verkið sagði hann í ritdómi: „finlegt og vel samið verk, ekki eins framandi og tónverk norskra tónskálda eru alla jafna. Hina gömlu tónsmíðatekni nýtir Grieg sér á hugmyndaríkan og faglegan máta, verkið vísar til baka í tíma um leið og greina má anda dagsins í dag.“

Í ljósi þessara jákvæðu viðbragða og dóma við verkinu gerði Grieg útgáfu fyrir strengjasveit og var þeirri gerð verksins ekki síður vel tekið og er eitt af vinsælli verkum á efnisskrám strengjasveita.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Holberg svíta Griegs hefur sex sinnum áður verið flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands og hafa þeir Olav Kielland, Bohdan Wodiczko, Karsten Andersen og Páll P. Pálsson stýrt flutning verksins sem síðast var flutt árið 1974.

WOLFGANG AMADEUS MOZART

Áriur og konsertáriur



Klassíska tímabilið í vestrænni tónlistarsögu, frá miðri 18. öld og fram til 1820, verður seint talið til blómatíma óperunnar. Af helstu tónskáldum klassíska tímabilsins stendur Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791) þó upp úr hvað varðar óperur og sungna tónlist.

Allt frá unga aldri heillaðist Mozart af óperuforminu og hóf hann snemma að glíma við óperuformið í tónsmíðum sínum en fyrstu óperuna samdi hann 11 ára gamall.

Gamanóperan *Brúðkaup Fígarós* er ein af þekktustu óperum Mozarts og um leið ein af perlum óperubókmenntanna. Vitað er að Mozart skrifaði hlutverk í óperum sínum með getu þeirra söngvara sem syngja áttu í huga og augljóst má telja að hann umgekkst ansi marga fína söngvara á sinni tíð. Aría greifynjunnar, *Dove sono i bei momenti*, er ein af þekktari aríum úr *Brúðkaupi Fígarós* en það var Lusía Laschi sem söng hlutverk greifynjunnar við frumflutning óperunnar. Mozart notar laglínu úr fyrra verki sínu í þessari aríu en *Agnus Dei* hluti *Krýningarmessu* Mozarts og aría greifynjunnar bera með sér ríkan skyldleika þó messuhlutinn sé í F-dúr á meðan aría greifynjunnar er í C-dúr.

Fyrir utan óperur og trúarleg tónverk skrifaði Mozart allnokkuð af konsertaríum en í þann flokk falla aríur sem hann ætlaði til flutnings einum og sér, aríur sem hann ætlaði hlutverk í eigin óperum en hætti við að nota í þeim tilgangi og aríur sem hann samdi við verk annarra tónskálda.

Konsertarían *Voi avete un cor fedele*, K. 217 var samin árið 1775 er setja átti upp óperu Baldassare Galuppi *Brúðkaup Dórínu* sem samið var tveimur áratugum fyrr. Vitað er að þessi undurfagra aría var notuð við þessa uppfærslu en síðan þá hefur hún öðlast sjálfstætt líf og einkum eru það lýrískir sópranar sem hafa aríuna á verkalistum sínum.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Aría greifynjunnar úr *Brúðkaupi Fígarós* hefur margsinnis verið flutt á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar. Meðal þeirra söngkvemma sem aríuna hafa flutt eru þær Guðrún Á Símonar, Irmgard Seefried, Sieglinde Kahmann, Renata Tebaldi, Sólrún Bragadóttir, Sigrún Hjálmtýsdóttir og Liping Zhang.

Aría Sifare úr *Mitridate*, re di Ponto hefur ekki verið flutt á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands áður.

Arían *Lungi da te, mio bene* úr *Mitridate, re di Ponto* er gott dæmi um það næmi sem Mozart hafði gagnvart sunginni tónlist frá unga aldri en óperuna samdi hann árið 1770 er hann var á tónleikaferðalagi um Ítalíu. Arían gerir kröfur um mikla raddbreidd og samspil hljómsveitar og raddar eru hreint með ólíkindum þegar hugsað er til þess að Mozart var aðeins 14 ára þegar hann samdi *Mitridate re di Ponto*.

Konsertaríuna *Ah se in ciel, benigne stelle*, K. 538 samdi Mozart gagnert fyrir mágkonu sína Aloysia Weber en hún var ein þeirra söngvænna sem Mozart dáði hvað mest og mörg hlutverk eru samin með hana og rödd hennar í huga. Weber var greinilega frábær söngkona því *Ah se in ciel, benigne stelle* gerir verulegar kröfur til hæfni einsöngvarans þar sem langir frasar og allnokkur hæð gerir þessa aríu virtúósíska.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Konsertaríur Mozarts hafa ekki oft heyrst á tónleikasviði í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hefur til að mynda arían *Ah se in ciel, benigne stelle*, K. 538 ekki verið flutt áður eftir því sem næst verður komist. Arían *Voi avete un cor fedele*, K. 217 hefur einu sinni hljómað í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og var það Sheila Armstrong sem söng undir stjórn Vladimirs Ashkenazy árið 1974.



JOSEPH HAYDN

Sinfónía nr. 104 í D-dúr, Hob.I:104 „Lundúnasinfónían“

Austurríska tónskáldið Joseph Haydn (1732-1809) er oft nefndur faðir sinfóníunnar. Þó fullyrðingin sé stór er ákveðið sannleikskorn í henni. Vitaskuld var Haydn ekki fyrsta tónskáldið til þess að nota orðið sinfónía yfir skrifaða tónlist en áhrif hans á þróun formsins og endurreisn þess eru slík að nafnbótina verðskuldar hann.

En það er ekki bara endurreisn og þróun á hinu sinfóníska formi sem er eftirtektarverð þegar Haydn og sinfóníur eru annars vegar. Fá tónskáld, ef nokkurt, skilur eftir sig jafn gríðarmikið magn sinfónía og Haydn gerði. Sinfóníur hans eru alls 108 talsins, 104 númeraðar og fjórar án númers.

Ástæður þess hversu iðinn Haydn var að semja sinfóníur má rekja til þeirra kjöraðstæðna sem hann bjó við en árið 1761 réð hann sig til hinnar vellauðugu Esterházy fjölskyldu sem hljóm-sveitarstjóri og hirðtónskáld og hafði því hljómssveit til þess að leika verk sín og þróa tónsmíðastíl sinn. Haydn dvaldi hjá Esterházy fjölskyldunni allt til ársins 1790. Það ár lést Nikulás prins en Anton sonur hans sem erfði krúnuna hafði lítinn áhuga á tónlist og leysti upp hljómssveitina. Þá var Haydn búinn að skapa sér nafn um gervalla Evrópu sem eitt mesta tónskáld síns tíma. Hann hélt til London í tvígang á árunum 1791-2 og 1794-5 og naut mikillar velgengni þar. Tólf síðustu sinfóníur Haydns frá þessum árum eru jafnan nefndar *Lundúnasinfóníurnar*, síðasta sinfónía hans sem nefnd er *Lundúnasinfónían* er í D-dúr eins og sú fyrsta.

Lundúnasinfóníuna samdi Haydn árið 1795 og var hún frumflutt undir stjórn tónskáldsins þann 4. maí sama ár. Sinfónían er nokkuð hefðbundin að formgerð, í fjórum þáttum, en engu að síður frábærlega saminn og skýrt dæmi um hve gott vald Haydn hafði á hinu sinfóníska formi. Óhætt að segja að verkið sé glæsigur lokapunktur á sinfónískum ferli Haydns, ferli sem á sér ekki hliðstæðu í tónlistarsöggunni.

Helgi Jónsson

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Sinfónía nr. 104 í D-dúr, Lundúnasinfónían eftir Haydn hefur þrívægis áður verið flutt af Sinfóníuhljómssveit Íslands á tónleikum. Hljómssveitarstjórar sem flutningi verksins hafa stýrt eru þeir Róbert Abraham Ottóson (1953), William Strickland (1962) og Jean-Pierre Jacquillat (1985).

Dove sono i bei momenti

Úr „Le nozze di Figaro“

La Contessa:

E Susanna non vien! Sono ansiosa
di saper come il Conte
accolse la proposta. Alquanto ardito
il progetto mi par, e ad uno sposo
si vivace, e geloso!
Ma che mal c'è?
Cangiando i miei vestiti
con quelli di Susanna, e i suoi co' miei ...
al favor della notte ... oh cielo, a quale
umil stato fatale io son ridotta
da un consorte crudel, che dopo avermi
con un misto inaudito
d'infedeltà, di gelosia, di sdegni,
prima amata, indi offesa, e alfin tradita,
fammi or cercar da una mia serva aita!

Dove sono i bei momenti
di dolcezza e di piacer,
dove andaro i giuramenti
di quel labbro menzogner?
Perchè mai se in pianti e in pene
per me tutto si cangiò,
la memoria di quel bene
dal mio sen non trapassò?
Ah! Se almen la mia costanza
nel languire amando ognor,
mi portasse una speranza
di cangiar l'ingrato cor.

Lorenzo da Ponte

Voi avete un cor fedele

Voi avete un cor fedele,
Come amante appassionato:
Ma mio sposo dichiarato,
Che farete? cangerete?

Hvar eru stundirnar fögru?

Úr „Brúðkaupi Fígarós“

Greifynjan:

Og Súsanna kemur ekki! Ég er óþreyjufull
að vita hvernig greifinn
varð við uppástungunni; mér finnst ráðagerðin
dálítið djarfleg, og fyrir eiginmann
sem er svona bráður og afbrýðissamur!
En hvað er slæmt við það?
Ég skipti á mínum fötum
og fötum Súsönnu, og hún fer í mín ...
í skjóli nætur ... ó himnar! Í hvaða
niðurlægingu er ég komin
vegna harðbrjósta eiginmanns, sem
eftir að hafa með óheyrilegu samblandi
af ótryggð, afbrýðissemi og fyrirlitningu
elskað mig fyrst, síðan móðgað og loks svikið,
neyðir mig nú til að leita hjálpar þjónustustúlku!

Hvar eru stundirnar fögru,
blíðustundirnar og unaðsstundirnar,
hvert hurfu eiðar
þessara svikulu vara?
Hvernig má það vera, þótt allt hafi breytzt
fyrir mér í tár og sársauka,
að minningin um þessa hamingju
hafi ekki yfirgefið brjóst mitt?
Æ! Bara að trúfesti mín
í ævarandi ástarþrá
gæti gefið mér von um að geta breytt
þessu vanþakkláta hjarta.

Þér hafið trygglynt hjarta

Þér hafið trygglynt hjarta
eins og ástríðufullur elskhugi:
En sem opinber eiginmaður minn,
hvað munuð þér gera? Breytist þér?

Dite, allora che sarà?
Manterrete fedeltà?

Ah! non credo.
Già prevedo,
Mi potreste corbellar.
Non ancora,
Non per ora,
Non mi vuò di voi fidar.

Höfundur óþekktur

Lungi da te, mio bene

Úr „Mitridate, re di Ponto“

Sifare:

Lungi da te, mio bene
se vuoi, ch'io porti il piede,
non rammentar le pene
che provi, o cara, in te.
Parto, mia bella, addio,
che se con te più resto
ogni dovere obbligo
mi scordo ancor di me.

Vittorio Amadeo Cigna-Santi

Ah se in ciel, benigne stelle

Ah se in ciel benigne stelle,
La pietà non è smarrita,
O toglietemi la vita,
O lasciatemi il mio ben.

Voi, che ardete ognor si belle
Del mio ben nel dolce aspetto,
Protegete il puro affetto
Che ispirate a questo sen.

*Pietro Metastasio [Antonio
Domenico Boneventura Trapasi]*

Segið mér, hvað gerist þá?
Haldið þér trygglyndinu áfram?

Æ, ég trúi því ekki.
Ég sé þegar fyrir
að þér gætuð haft mig að fífl.
Ekki ennþá,
ekki núna
er ég tilbúin að treysta yður.

Ef þú vilt, ástin mín

Úr „Mitridate, konungur í Ponto“

Sifare:

Ef þú vilt, ástin mín,
að ég ferðist langt í burt frá þér,
þá skaltu reyna að gleyma kvölinni,
sem þú finnur, kæra mín, innra með þér.
Ég legg af stað, mín fagra, vertu sæl,
því að verði ég áfram hjá þér
mun ég vanrækja alla skyldu mína
og gleyma jafnvel sjálfum mér.

Æ, alúðlegu stjörnur

Æ, alúðlegu stjörnur,
ef miskunn er ekki horfin á himnum,
takið annaðhvort líf mitt
eða leyfið mér að halda unnusta mínum.

Þið sem ljómið ávallt svo yndislega,
verndið á geðþekku andliti unnusta míns
ástúðina hreinu sem þið
blásið mér í brjóst.

*Íslenzkar þýðingar gerði
Reynir Axelsson*



MAHLER OG BERNSTEIN

Fimmtudaginn 24. janúar kl. 19:30

Föstudaginn 25. janúar kl. 19:30

Leonard Bernstein markaði djúp spor í menningu Bandaríkjanna á 20. öld. Sjálfur var Bernstein gyðingur og hafa mörg verka hans skírskotun til gyðingatrúar. Svo er einnig farið með *Chichester Psalms* sem byggja á Davíðssálmum en eru sungnir á hebresku. Þrátt fyrir trúarlegan þunga textans er tónverkið iðandi af lífi. Það var meðal annars fyrir tilstilli Bernsteins að verk Mahlers fengu þá athygli og viðurkenningu sem þeim bar. Um fyrstu símfóníu Mahlers hefur verið sagt að fá dæmi, ef nokkur, séu til um jafn fullburða frumraun tónskálds. Þorgerður Ingólfssdóttir hefur vakið athygli og aðdáun bæði innanlands og utan fyrir starf sitt með ungu fólki á tónlistarsviðinu. Undir hennar stjórn hafa Hamrahliðarkórarnir komið fram á þúsundum tónleika.

Eivind Aadland hljómsveitarstjóri

Hamrahliðarkórarnir

Þorgerður Ingólfssdóttir kórstjóri

SINFÓNÍAN Á MYRKUM

Fimmtudaginn 31. janúar kl. 19:30

Tónlistarhátíðin Myrkir músikdagur er mikilvægur vettvangur nýrrar og framsækinnar tónlistar hér á landi. Myrkir músikdagur hafa verið starfræktir allt frá árinu 1980 og eru einn af föstum punktum íslenskrar tónlistarflóru. Á tónleikum Símfóníu-hljómsveitarinnar á Myrkum músikdögum verða frumflutt þrjú tónverk eftir þá Gunnar Andreas Kristinsson, Davíð Brynjar Franzson og Pál Ragnar Pálsson sem eru af yngri kynslóð íslenskra tónskálda. Auk þess verður flutt verkið *Chevaux-de-frise* eftir írsku tónskáldið Gerald Barry. Verkið var pantað af BBC og vakti gríðarlega athygli þegar það var frumflutt á Proms-hátíðinni í London árið 1988.

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

Una Sveinbjarnardóttir einleikari

GAMMA er einn af aðalstyrktaraðilum Sinfóníuhljómsveitar Íslands



GAMMA er óháð fjármálafyrirtæki sem rekur fjölbreytt úrval
verðbréfa- og fagfjárfestisjóða
Klapparstígur 29, 101 Reykjavík, Sími 519 3300, www.gamma.is



GAMMA
GAM Management hf

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

18. janúar 2013

1. FIDLA

Sif Margrét Tulinius
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Lin Wei
Martin Frewer

2. FIDLA

Ari Þór Vilhjálmsson
Roland Hartwell
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Sígurlaug Eðvaldsdóttir
Kristján Matthíasson
Gunnhildur Daðadóttir
Greta Guðnadóttir
Mark Reedman

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Eyjólfur Alfreðsson
Vigdís Másdóttir

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Auður Ingvadóttir
Lovísa Fjeldsted
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir

ÓBÓ

Peter Tompkins
Eydís Franzdóttir

KLARINETT

Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Rúnar Vilbergsson

HORN

Joseph Ognibene
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jóelsson

TROMPET

Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Frank Aarnink



ENNEMM / SJIA / NM54421

Forvarnir eru málið þegar tryggingar snúast um fólk!

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

VÍS



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Einar Jóhannesson og fjórir klarínnettukonsertar



Nýr hljómdiskur Sinfóníuhljómsveitar Íslands er kominn út.

Á nýjum hljómdisk flytur Einar Jóhannesson, einn fremsti einleikari landsins, fjóra klarínnettukonserta með Sinfóníuhljómsveitinni eftir Mozart, Weber, Debussy og Jón Nordal. Hljómdiskurinn er hluti af útgáfuröð með helstu einleikum úr röðum hljómsveitarinnar og fæst hjá 12 Tónum í Hörpu og víðar.

Diskurinn er tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2012 í flokki klassískrar og samtímatónlistar. Sinfóníuhljómsveit Íslands og Einar Jóhannesson eru einnig tilnefnd sem flytjandi ársins í sama flokki.

